



# Áfram nýr og betri Hlemmur!

Hlemmsvæðið hefur verið skipulagt sem miðborgartorg, svæði fyrir margvíslegar uppákomur og leik í öruggu umhverfi. Það verður endurskapað sem almenningsrými fyrir alla aldurshópa með aðgengi fyrir öll og akandi umferð verður beint frá torgsvæðinu.

Mikil ánægja er með endurgert svæði frá Hlemmi – Mathöll að Snorrabraut en framkvæmdum þar lauk síðastliðið haust. Laugavegur sunnan mathallarinnar verður nú endurgerður og tengdur við nýja kaflann þar sem frá var horfið.

## Hvað gerist næst?

Svæðið hefur verið skipulagt sem framtíðarsamkomustaður Reykvíkinga og allra landsmanna. Umbreyting á Hlemmi er gerð í nokkrum áföngum. Nú á vörmissur mun Strætó bs flytja tímabundið á nýjan stað við Skúlagötu en einnig kemur ný biðstöð á horni Laugavegs og Snorrabrautar um miðjan maí. Þannig skapast betra og öruggara rými fyrir lifandi mannlíf.

Á kaflanum frá Rauðarárstíg við Gasstöðina og yfir gatnamót Laugavegs og Rauðarárstígs þarf að skipta um lagnir og leggja nýtt yfirborð. Aðalinngangur í mathöllina á framkvæmdatíma verður norðanmegin.

Stefnt er að því að þessum hluta framkvæmda á svæðinu ljúki sumarið 2025.

## Hvernig mun svæðið líta út?

Nýtt yfirborðsefni, setaðstaða, leik- og dvalarsvæði ásamt gróðri verða ríkjandi þættir á nýju Hlemmtorgi ásamt vistvænni nálgun á meðhöndlun yfirborðsvatns. Nýr hjólastígur verður lagður meðfram svæðinu og tengir Hverfisgötu og Laugaveg upp að Bríetartúni.

Að framkvæmdum loknum verður svæðið sannkallað torgsvæði, ekki aðeins með auknum gróðri og dvalarrýmum heldur líka list. Klyfjahestur Sigurjóns Ólafssonar verður fluttur af sínum stað yfir á nýja svæðið nær mathöllinni. Þar verður einnig vatnsverk sem minnir á vatnsþróna sem áður var á Hlemmi.

Reykjavíkurborg og Veitur standa fyrir framkvæmdunum. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að hagsmunaaðilar og íbúar verði ekki fyrir óþægindum, þótt það fylgi alltaf álag því að vera nálægt framkvæmdasvæði. Markmiðið er skýrt: betri borg og traustir innviðir.

Áhersla verður lögð á góða upplýsingamiðlun og munum við senda ykkur ítarlegri upplýsingar um framkvæmdina fljótlega.

Hægt er að hafa samband í tölvupósti á netfangið [upplýsingar@reykjavik.is](mailto:upplýsingar@reykjavik.is) ef einhverjar spurningar vakna. Á [reykjavik.is/hlemmur](http://reykjavik.is/hlemmur) eru upplýsingar um nýjan og betri Hlemmi.